

STARFSLÝSING

Yfirmaður

Forstöðumaður Skíðamiðstöðvarinnar í Oddsskarði.

1. Meginviðfangsefni

- Umsjón með tækjum og búnaði skíðamiðstöðvarinnar í samráði við forstöðumann Skíðamiðstöðvarinnar.
- Þjónusta við notendur Skíðamiðstöðvar í Oddsskarði.
- Aðstoða aðrar stofnanir Fjarðabyggðar s.s. íþróttamiðstöðvar, Fjarðabyggðarhafnir, garðyrkjuteymi og áhaldahús í véla og tækjamálum eins og kostur er.
- Þróun og vinna við að koma upp heilsárs starfsemi í Oddsskarði.

2. Helstu verkefni

- Snjótroðsla og önnur vinna við að undirbúa skíðabrekkur og brettagarð fyrir opnun.
- Viðhald á tækjum og búnaði sem notast er við í skíðamiðstöðinni s.s. skíðalyftum, snjótroðurum og snjósleðum.
- Minniháttar viðhald og umsjón með fasteignum sem tilheyra skíðamiðstöðinni.
- Eftirlit með snjóflóðahættu á Skíðasvæðinu í Oddsskarði í samstarfi við Veðurstofu Íslands.

2.1 Teymisvinna

- Náið samstarf með hagsmunaaðilum og hagar snjótroðslu í æfingabrekkum í samráði við skíðafélög og uppbygging brettagarðs í samráði við brettafélög.
- Náið samstarf með starfsfólki Skíðamiðstöðvarinnar Oddsskarði.

2.2 Samskipti

- Við forstöðumenn/starfsmenn annarra skíðasvæða á Íslandi.
- Við samstarfsmenn í skíðamiðstöðinni.
- Við íþrótt- og frístundastjóra.
- Við yfirmann tækjamiðstöðvar Fjarðabyggðar.
- Við forstöðumann veitna.
- Við snjóflóðæftirlitsmenn Veðurstofu Íslands.
- Við forsvarsmenn og þjálfara skíða- og brettafélaga.
- Við aðra hagsmunaaðila.

2.3 Önnur verkefni

- Önnur verkefni sem forstöðumaður Skíðamiðstöðvarinnar felur honum og skilgreind eru á ábyrgðarsviði hans.

3. Hæfnis- og samstarfsmarkmið

3.1 Menntun og reynsla

- Reynsla af störfum á skíðasvæði.
- Mikil og góð þekking á viðhaldi og rekstri tækja sérstaklega snjótroðara og skíðalyfta.
- Reynsla af vinnu við vélar og tæki.
- Reynsla af viðhaldi og viðgerðum, bæði á tækjum og mannvirkjum.

- Þekking á snjó, snjóflóðahættu og veðurfari.
- Iðnmenntun sem nýtist í starfi.

3.2 Hæfnisþættir

- Sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Frumkvæði og skipulagshæfni.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Áhugi til að taka þátt í teymisstarfi og umbótaverkefnum.

Dagsetning: _____

Umsjónarmaður véla og tækja við Skíðamiðstöðina í Oddsskarði

Forstöðumaður Skíðamiðstöðvarinnar í Oddsskarði